

Skólanefndarfundur 6. maí 2019

Mættir: Helga Kristín Björgólfsdóttir, Viktor Elvar Viktorsson, Ellert Jón Björnsson, Guðjón Snær Magnússon formaður NFFA, Ágústa Elín Ingbórsdóttir skólameistari FVA, Þórdís Þórisdóttir, Dröfn Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Lind fjármálastjóri FVA, Dröfn Viðarsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritar fundargerð.

**Fundarefni:**

Gjaldskrá  
Ársskýrsla  
Starfsmannamál  
Önnur mál

Ágústa bauð fundarmenn velkomna.

**Gjaldskrá**

Gjaldskrá fyrir skólaárið 2019-2020 var lögð fyrir fundinn. Guðrún Lind fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á gjaldskránni frá síðasta fundi. Meðal þess sem hefur breyst er hækkun á nemendafélagsgjaldinu í 4.500, þessi hækkun er að beiðni stjórnar nemendafélagsins. Lagt er til að leiga á heimavist og gjaldskrá í mötuneytinu verði óbreytt frá síðasta skólaári. Gjaldskráin var samþykkt.

**Ársskýrsla**

Guðrún Lind fjármálastjóri fór yfir rekstraryfirlit fyrir árið 2018. Rætt var um stöðuskólans. Farið var yfir ársskýrslu 2018. Ársskýrslan verður send fundarmönnum þegar hún hefur fengið samþykki ráðuneytisins.

**Starfsmannamál**

Ágústa sagði frá þeim breytingum sem verða á starfslíði skólans á næsta skólaári. Þorbjörg Ragnarsdóttir verður aðstoðarskólameistari á næsta ári. Verið er að auglýsa nokkrar stöður á Starfatorgi m.a. umsjónamann húsæðis, kennara í íslensku, stærðfræði, raungreinum, rafiðngreinum og tréiðngreinum.

**Önnur mál**

Rætt um bréf frá kennurum við FVA varðandi stofnanasamning. Ágústa sagði frá stöðunni í samningsviðræðunum um stofnanasamning. Umræða var um stofnanasamninginn og gang viðræðnanna. Formaður skólanefndar tekur að sér að svara bréfi kennara.

Spurt var um stöðu forvarnarfulltrúa í FVA, sagt var að starfandi væri verkefnastjóri forvarnarmála.

Ágústa sagði frá endurskoðun á skólanámskrá, leggja þarf nýja skólanámskrá fyrir fund skólanefndar. Stefnt er að fundi í byrjun júní.